

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við útborgun vaxtabóta vegna ársfjórðungs er hefst 1. janúar 1999.

*Gjört á Bessastöðum, 16. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Geir H. Haarde.*

## LÖG

um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak,  
nr. 63/1969, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal tryggja að þjónusta við viðskiptavinum sé vönduð, sem og upplýsingar sem gefnar eru viðskiptavininum um þá vöru sem á boðstólum er, allt eftir því sem samrýmist lögum þessum, áfengislögum og öðrum lagafyrirmælum og reglum á hverjum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 16. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Geir H. Haarde.*